

Samöngu- og umhverfisnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1589
komudagur 10.4.2014

Reykjavík, 10. apríl 2014
Mál nr. 1401004

Umsögn um frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum, 376. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva um framangreint frumvarp.

Samtökin hafa átt gott samstarf við umhverfis- og auðlindaráðuneytið við undirbúning þessa frumvarps. Helstu niðurstöðum þeirrar vinnu er lýst í IV. kafla greinargerðarinnar.

Fyrir um 25 árum síðan stóð Landssamband íslenskra útvegsmanna fyrir kynningarátaki gegn losun á úrgangi í hafið undir kjörorðunum: “*Hafið er ekki ruslatunna*” og “*Við hendum ekki rusli í sjóinn*”. Þetta kynningarátak olli hugarfarsbreytingu meðal sjómanna og útgerðarmanna í þá veru að ganga sómasamlega auðlindina. Fullyrða má að frá þeim tíma hefur umgengni um hafið, hvað losun úrgangs varðar verið til fyrirmyndar.

Á þessum grunni hafa fyrirtæki í sjávarútvegi gætt vel að meðferð olíuúrgangs, endurvinnslu veiðarfæraúrgangs og öðrum rekstrarúrgangi í góðu samstarfi við Úrvinnslusjóð, umhverfisráðuneytið, hafnaryfirvöld og önnur fyrirtæki sem koma að þessum málaflokki.

Mikilvægt er að ekki sé þrengt að samstarfi aðila og möguleika fyrirtækja til að bæta sig með íþyngjandi kostnaði og takmörkunum. Þannig leggja samtökin til að í 1. málsgrein, c. liðar, 4. gr. frumvarpsins verði bætt við bátum sem þjónusta fiskeldi. Þannig ber að styrkja við frekari þróun á þessu sviði og veita aðilum svigrúm til þess, sérstaklega í ljósi stöðu siglingaleiða við Ísland í Norður Atlantshafi, en við leggjum til að þetta frumvarp nái fram að ganga.